

Miðsumarsúthlutun 2026

Miðsumarsúthlutun hefur nú farið fram. Hún er fyrri hluti aðalúthlutunar 2026, en seinni hlutinn greiðist í desember. **Miðsumarsúthlutun nemur alls rúmlega 206 milljónum**. Er það um 23% hækkun frá því í fyrrasumar, en munar þar mestu um aukna úthlutun vegna s.k. S-VOD þjónustu frá sjónavarpi. Aðalúthlutun ár hvert tekur til spilunar innanlands, en áætlað er að samtals muni aðalúthlutun á þessu ár verða á bilinu 260-270 milljónir.

Miðsumarsúthlutun í ár felur í sér eftirfarandi:

- **Hartnær 80% af spilun á útvarps- og sjónvarpsstöðvum á árinu 2025.**
- **Hluta af skilgreindri bakgrunnstónlist („fyrirtækjastreymi“) á árinu 2025.**
- **Hluti af óskilgreindri bakgrunnstónlist á árinu 2025.**
- **Spilun í kvikmyndahúsum á árinu 2025.**
- **Spilun í vélum Icelandair á árinu 2025.**

Seinni hlutinn, í desember, mun síðan fela í sér u.þ.b. 20% af útvarps- og sjónvarpsspilun og hluta af greiðslu fyrir bakgrunnstónlist. Einnig verður þá skv. venju greitt fyrir frumflutning á árinu 2025, tónlist í kirkjuathöfnum sem og eintakagerð til einkanota (IHM).

Þróun miðsumarsúthlutunar:



Þormóður fékk „Langspilið“ í ár



Fyrir skemmstu var langspil ársins 2026 afhent, en það hlaut **Þormóður Eiríksson**, sem á undanförnum árum hefur verið einn eftirsóttasti upptökustjóri og lagasmiður landsins.

Það má segja að Þormóður sé einn af þessum ómissandi lykilmönnum „á bak við tjöldin“, sem við heyrum ekki alltaf um eða áttum okkur á. Listafólk eins og Hr. Hnetusmjör, Aron Can, Birnir, Emmsje Gauti, Friðrik Dór, Jói P & Króli og GDRN — svo einhverjir séu nefndir — eiga það öll sameiginlegt að

Króli og GDRN — svo einhverjir séu nefndir — eiga það öll sameiginlegt að hafa unnið og samið tónlist í náinni samvinnu við smellasmiðinn Þormóð.

Hann hefur einstakt lag á því að semja músík sem nær til fólks. Þar blandast saman náttúrulegir hæfileikar og mikil og markviss vinna, en hann hefur greint frá því að hann geri eigin rannsóknir þegar lögin eru á teikniborðinu; athugi hvort þau virki og hreyfi við fólki og slípar þau síðan til eftir því sem honum þykir þurfa.

Meðfylgjandi mynd tók Þórdís Erla Ágústsdóttir (**smella til að stækka**).

Nýtt fulltrúaráð og stjórn



Aðalfundur STEFs fór fram í liðnum mánuði. Þar kom nýkjörið fulltrúaráð saman til fyrsta fundar, en kosningar fóru fram í liðnum mánuði. Ráðið er svo skipað næstu tvö árin:

Andri Ólafsson
Anna Gréta Sigurðardóttir
Árni Páll Árnason
Barði Jóhannsson
Bergrún Snæbjörnsdóttir
Bergur Þórisson
Bragi Valdimar Skúlason
Halldór Smárason
Karl Olgeirsson
Karl Örvarsson
Klara Ósk Elíasdóttir
Logi Pedro Stefánsson
Magnús J. Ragnarsson
María Huld Markan
Óttarr Proppé
Páll Ragnar Pálsson

Hallur Ingólfsson
Hildigunnur Rúnarsdóttir (form.)
Hrafnkell Pálmarsson
Sóley Stefánsdóttir
Þuríður Jónsdóttir

Eitt af fyrstu verkum nýs ráðs er einatt að kjósa nýja stjórn STEFs til næstu tveggja ára, en stjórnina skipa sjö aðilar úr hópi ráðsins. Nýkjörna stjórn skipa **Bragi Valdimar Skúlason** (formaður), **Páll Ragnar Pálsson** (varaformaður), **Sóley Stefánsdóttir**, **Magnús Jóhann Ragnarsson**, **Hrafnkell Pálmarsson**, **Hallur Ingólfsson** og **María Huld Markan**.

Heiðursmerkjafjöld



Undanfarna mánuði hefur stjórn STEFs verið óvenju ötul við að veita heiðursmerki samtakanna. Frá 1. desember hafa ekki færri en fimm höfundar verið heiðraðir fyrir sitt drjúga framlag í gegnum árin; þau **Ragnhildur Gísladóttir** **Karólína Eiríksdóttir**, **Tómas R. Einarsson**, **Kristján Kristjánsson (KK)** og nú síðast **Bubbi Morthens** þann 6. júní. Við þökkum fyrir þeirra góðu verk, óskum þeim til hamingju og áframhaldandi velfarnaðar.

STEF, TONO og Teosto hefja samstarf við ICE

Nýlega var greint frá því að samtökin STEF, Teosto (Finnland) og TONO (Noregur) hefðu gengið til samstarfs við International Copyright Enterprise (ICE).
Að undangenginni þarfagreiningu og ígrunduðu úrræðamati, þá hófu téð samtök þann 1. janúar sl. innleiðingu í kerfið „ICE Core“, hvað varðar leyfisveitingar og bakvinnslu. Samtökin hafa innan sinna raða samtals u.þ.b. 90.000 tónskáld og textahöfunda, en þau hafa nú bæst í hóp 10 annarra stórra höfundaréttarsamtaka, sem ICE hefur þjónustað um árabil.

„Við erum spennt að taka á móti Teosto, TONO og STEF inn í ört stækkandi ICE Core. Þar sem öll samtökin eru nú þegar viðskiptavinir ICE í sambandi við höfundaréttarmál, þá er ákvörðun þeirra um treysta okkur einnig fyrir leyfisveitingum og bakvinnslu til vitnis um styrk þjónustu okkar og trú samtakanna á tæknilegum „end-to-end“ lausnum sem við höfum þróað á liðnum árum.

Við kunnum að meta traustið, sem veitir okkur í leiðinni tækifæri til að auka og bæta þjónustu okkar til viðskiptavina. Við munum að sjálfsögðu leggja okkur í framkróka við að gæta réttinda höfunda þessara samtaka og erum staðráðin í að tryggja þeim sem mesta arðsemi“.

—Ben McEwen, framkvæmdastjóra hjá ICE.

Vonir standa til þess að úthlutun v. streymis muni aukast nokkuð á næstu árum, í ljósi sterkar stöðu ICE sem er leiðandi á sviði fjölþjóðlegra leyfisveitinga fyrir stafræna tónmiðlun og hefur veitt yfir 100 fjölþjóðlegum aðilum leyfi í 245 löndum.

Tónheilsusjóður STEFs stofnaður



Í vor var í fyrsta skiptið úthlutað úr **Tónheilsusjóði STEFs**, sem stofnaður var fyrr á þessu ári. Sjö aðilar hlutu styrki að þessu sinni.

Markmið sjóðsins er að auðvelda aðgengi að tónlist í heilsueflandi skyni, en markmiði því skal náð á þann hátt að sjóðurinn styrkir tónlistarfólk og/eða stofnanir og samtök til að flytja tónlist eða vinna með tónlist á annan hátt heilsueflandi skyni. Slíkt getur t.a.m. verið á hjúkrunarheimilum, fangelsum, sjúkrahúsum eða sambýlum, eða á öðrum stöðum þar sem aðilar sem koma að lýðheilsuverkefnum halda viðburði eða samkomur. Þá getur sjóðurinn styrkt rannsóknarverkefni er snúa að þessum málaflokki. Jafnt tónlistarfólk sem og stofnanir eða samtök geta sótt um styrki til sjóðsins.

Þessi sjóður er hugmynd hjónanna **Andrésar Arnalds** og **Guðrúnar Pálmadóttur** og var hrint í framkvæmd af börnum þeirra, Ólafi, Fríðu, Ásdísi og Ara, með liðsinni STEFs. Stofnframlag sjóðsins kemur frá þeim hjónum. STEF mun annast umsýslu sjóðsins án þóknunar.

Stofnun þessa sjóðs er STEFi mikið fagnaðarefni og er þeim Andrési og Guðrúnu þökkuð gjafmildin og frumkvæðið að sjóðnum. Í viðtali við Morgunblaðið a þessu tilefni sagði Ólafur Arnalds, sonur þeirra:

> *„Mamma er með alzheimer og pabbi með parkinson og þau hafa bæð upplifað sjálf hvað tónlist gerir þeim mikið gagn ... við vonumst til þess að gjöf þeirra muni auka áhersluna á þessa mikilvægu heilunarleið fyrir fólk samfélaginu“.*

Sköpun og eftiröpun



Í opnunarávarpi á aðalfundi alþjóðasamtaka höfundaréttarfélaga (CISAC) í síðustu viku, ræddi forseti samtakanna, **Björn Ulvaeus** úr ABBA, um gervigreind og framtíð mannlegrar sköpunar.

„Mannleg sköpun er ekki aðeins tjáning. Hún er vitnisburður um líf sem hefur verið lifað. Lagið er ekki bara afurð. Það er sönnunargagn.“

Sagði Björn að þótt gervigreindartól gætu hermt eftir mannlegri tjáningu, sé verðmæti mannlegrar sköpunar í grunninn bundið við lifaða reynslu, nokkuð sem tæknin getur ekki endurskapað.

Með því að beina sjónum að lagalegum og stefnumótandi umræðum um þjálfun gervigreindar, gagnsæi og vernd höfundaréttar, vísaði Björn til ákvörðunar breskra stjórnvalda um að falla frá fyrirhuguðum undanþágum frá höfundarétti vegna gervigreindar, eftir harða andstöðu frá forsvarsfólki hinna skapandi greina.

Þetta var jafnframt aldarafmælisfundur CISAC og í lok ræðu sinnar velti Björn fyrir sér hlutverki CISAC undanfarin 100 ár, við það að verja hagsmuni

„Fólk eins og við hér í þessum sal hefur í heila öld haldið því fram — jafnt lagalega sem og í framkvæmd — að manneskjan á bak við tónverkið sé raunveruleg, auðkennanleg og eigi rétt á sanngjörnu endurgjaldi ,“ sagði Björn.

Ávarpið er hægt að sjá og heyra í heild sinni með því að **smella hér**.

Fundurinn samþykkti og sendi frá sér formlega yfirlýsingu sem endurspeglar erindi formannsins og boðskap. Yfirlýsinguna má lesa í heild sinni með því að **smella hér** — og þar geta einstaklingar jafnframt lýst yfir stuðningi við yfirlýsinguna:

Ársreikningur STEFs 2025



Heildartekjur STEFs 2025 um 1,5 milljaður

Aðalfundur STEFs var haldinn 21. maí og var fulltrúaráði þar kynntur ársreikningur fyrir 2025 og hann samþykktur.

Úthlutun STEFs til rétthafa, innlendra sem erlendra, nam um **964 milljónum króna** í fyrra, en heildartekjur árið 2025 námu um **1,5 milljarði**, sem er tæp 20% aukning frá fyrra ári.

Árs- og gagnsæisskýrslu 2025-26 er hægt að sjá **með því að smella hér** fyrir neðan, en auk lykiltalna úr rekstri er þar er að finna fjölmargar fréttir og fróðleik frá starfsárinu. Ársreikningur STEFs 2025 er aðgengilegur á stef.is.

Hér er að finna ársreikning STEFs fyrir árið 2025.

Gleðilegt söngvasumar! 😎

STEF

TÓNLIST ER MIKILS VIRÐI

Þú getur afskráð þig hér